


Dagsetning: 12.05.2025
Unnið af: HLH ráðgjöf
Móttakandi: Langesbyggð, Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti og Björn Sigurður Lárusson, sveitarstjóri

Efni: Áhrif fyrirhugaðra breytinga á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á rekstur Langesbyggðar

Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga (hér eftir nefnt JS) felur í sér heildarendurskoðun á starfsemi sjóðsins með það að markmiði að styrkja fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja jafnt aðgengi íbúa að þjónustu, óháð búsetu. Breytingarnar eru hluti af stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Eitt af megin markmiðum áætlunarinnar „er að byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær.“

Sjálfbærni sveitarfélaga getur haft ýmsar birtingarmyndir en ein megin forsenda sjálfbærni sveitarfélaga er af fjárhagslegum toga. Það felur í sér að þau geti staðið undir eigin rekstri til lengra tíma litið, með eigin tekjum og ábyrgri útgjalda- og skuldastýringu, án þess að tefla lögbundinni þjónustu í hættu eða safna skuldum sem ekki raunhæft að staðið verði skil á.

Frá árinu 2012 til ársins 2024 hefur rekstur A-hluta Langesbyggðar verið sjálfbær og samanlögð útgjöld A- og B-hluta verið í samræmi við 1. tölul., 2. mgr., 64. gr., sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Jafnframt hefur veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum verið að jafnaði 12,1% á tímabilinu, en á sama tíma hefur landsmeðaltalið verið 7,8% (mynd 1).



Mynd 1. Þróun reksturs A-hluta Langesbyggðar árin 2012 til 2023: rekstrartekjur, rekstrargjöld (m. kr. á verðlagi hvers árs) og samanburður á hlutfalli veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum Langesbyggðar við meðaltal fyrir landið (Ársreikningar Langesbyggðar 2012-2023).


Milli árana 2012-2023 hefur Langesbyggð fjárfest að jafnaði fyrir um 12,8% af tekjum.

Í útkomuspá Lagnanesbyggðar fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 384 m. kr. afgangi fyrir afskriftir og fjármagnsliði, jafnframt verði hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum 29,0% fyrir rekstrarárið 2024. Afkoman skýrist af viðbótar tekjum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna samfelldrar fólksfækkunar á þriggja ára tímabili skv. d-lið, A-hluta, 14. gr. reglugerðar um JS. Þessar viðbótartekjur voru um 200 m. kr. sem Lagnanesbyggð hefur að jafnaði ekki fengið frá JS.

Almennt hafa sveitarfélög verið að skila góðum rekstrarárangri fyrir árið 2024 sem skýrist fyrst og fremst í auknum útsvarstekjum. Hafa verður í huga að samningsbundnar launahækkanir kunna að draga úr jákvæðum áhrifum á rekstur sveitarfélaga á árinu 2025.

Þrátt fyrir að íbúum hafi fækkað um 49, eða um 8% frá árinu 2012 til loka árs 2025 þá hefur rekstur Lagnanesbyggðar staðið á sterkum grunni.


Sveiflur hafa verið á skuldahlutfalli A-hluta Lagnanesbyggðar en hlutfallið hefur haldist á bilinu 93-121% milli áranna 2012-2023, sem er í mörgum tilfellum lægra en fyrir landið allt (mynd 2).



Mynd 2. Samanburður á þróun skuldahlutfalls A-hluta Lagnanesbyggðar og fyrir landið allt árin 2012-2023 (Ársreikningar sveitarfélaga 2012-2023).

Þegar horft er til fyrirhugaðra breytinga á ráðstöfun tekna JS sem koma fram í frumvarpi að lögum um JS verður ekki annað séð að þær breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á tekjur Lagnanesbyggðar.

Í fylgiskjali um fjárhagsleg áhrif af frumvarpinu sem birt var á vef innviðaráðuneytisins 29. apríl 2025 má finna áhrifamat frumvarpsins á úthlutað framlög frá JS. Þar er áætlaðar tekjur til Lagnanesbyggðar 242 m.kr. miðað við árið 2024. Sama ár fékk Lagnanesbyggð greiddar 415,6 m. kr. á grundvelli núgildandi reglna. Í fyrstu má ætla að sveitarfélagið verði af stórkostlegum tekjum. Árið 2024 er ekki gott viðmiðunarár fyrir Lagnanesbyggð vegna einskiptisgreiðslu vegna fækkun íbúa. Ef horft er til fyrri ára og greiðsluáætlunar fyrir árið 2025 frá JS til Lagnanesbyggð kemur í ljós önnur mynd (sjá mynd 3).



Mynd 3. Þróun framlaga frá JS á grunni tekjjöfnunarframlaga, útgjaldajöfnunarframlaga og vegna jöfnunar fasteignaskattstekna árin 2014 til 2024 í m. kr. á verðlagi 2024 (leiðrétt miðað við ársmeðaltöl launavísitölu Hagstofu Íslands).

Að jafnaði voru framlög frá JS til Langanesbyggðar vegna tekjjöfnunarframlaga, útgjaldajöfnunarframlaga og jöfnunar vegna fasteignaskattstekna um 240 m. kr. árin 2014 til 2025 (hafa verður í huga árið 2024 hækkar meðaltalið um 10 m.kr.). Út frá þeirri reynslu og áætluðum áhrifum frumvarpsins á framlög Langanesbyggðar (241 m.kr.) þá mun það ekki hafa neikvæð áhrif á tekjur Langanesbyggðar. Hafa verður í huga til framtíðar að greiðslur eins og Langanesbyggð fékk á grunni fólksfækkunar á árinu 2024 heyra nú sögunni til.

Þrátt fyrir að áætlanir í dag sýni jákvæð áhrif á rekstur Langanesbyggðar fylgir alltaf einhver óvissa. Því er mikilvægt að leggja áherslu á að fylgst verði með áhrifum laganna á næstu árum (5-10 ára). Rýna áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga þ.e.a.s. að kanna hvort sveitarfélög verði fyrir breytingum sem leiða til mismunar eða kerfisbundinnar veikingu þeirra.

Með hliðsjón af því sem fram kemur hér að ofan hægt að mæla með því að sveitarstjórn Langanesbyggðar geri engar efnislegar breytingar á frumvarpi laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.